

Föstudaginn 8. september 1995.

Nr. 268/1995.

Kaffi Reykjavík hf.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Vali Magnússyni**Penson hf. og****Veitingahúsinu Óðali ehf.**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 20. júlí 1995, þar sem staðfestar eru ákvarðanir sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila um lögbann hjá varnaraðilum. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 90. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo sem þeim lögum var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðilar, hvort sem er allir saman, tveir í sameiningu eða hver í sínu lagi, reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík allt fram til 17. mars 1998 með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kæru málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Með samningi 17. mars 1995 festi sóknaraðili, sem þá hét Ingólfscafé hf., kaup á veitingahúsinu Kaffi Reykjavík af varnaraðilanum Penson hf. Samkvæmt fram lögðu vottorði úr Hlutfélagaskrá var stjórn síðarnefnda félagsins þá aðeins skipuð einum manni,

Magnúsi Frey Valssyni, en varamaður hans í stjórn var varnaraðilinn Valur Magnússon.

Í 9. gr. fyrrnefnds kaupsamnings sagði eftirfarandi: „Valur Magnússon . . . skuldbindur sig til að hefja ekki starfsemi kaffihúss eða rekstur með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík næstu þrjú ár frá undirritun kaupsamnings þessa.“ Sóknaraðili telur þetta samningsákvæði veita sér réttindi, sem brotið hafi verið gegn með starfrækslu varnaraðila, eins þeirra, tveggja eða allra, á veitingahúsi að Austurstræti 12 a. Eigi hann rétt á, að lögbann verði lagt við þeirri háttsemi þeirra.

II.

Í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 er meðal annars sett það skilyrði fyrir lögbanni, að gerðarbeiðandi sanni eða geri sennilegt, að hann njóti tiltekinna réttinda og að byrjuð eða yfirvofandi athöfn einhvers annars brjóti gegn þeim réttindum.

Eins og fyrirmælum um sönnun í þessu ákvæði er háttað og mál þetta liggur fyrir, verður ekki talið, að sóknaraðili hafi sýnt nægilega fram á, að slík tengsl standi á milli varnaraðilanna Vals Magnússonar og Veitingahússins Óðals ehf., að fyrrgreint samningsákvæði, sem bindur eingöngu hinn fyrrnefnda eftir orðanna hljóðan, veiti sóknaraðila einnig réttindi á hendur hinum síðarnefnda. Þá verður ekki fallist á, að sóknaraðili geti reist kröfu um lögbann á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf. á óskráðri reglu um bann við samkeppni, sem sóknaraðili telur gilda í viðskiptum um fyrirtæki, þegar viðskiptavild fylgir með í kaupum.

Samkvæmt þessu er ekki fullnægt lagaskilyrðum fyrir kröfu sóknaraðila um lögbann á hendur varnaraðilanum Veitingahúsinu Óðali ehf.

III.

Með leigusamningi, dagsettum 11. júlí 1995, gerðist varnaraðilinn Veitingahúsið Óðal ehf. leigutaki að húsnæðinu að Austurstræti 12 a, þar sem umrædd veitingastarfsemi fer fram. Eftir fram komnum gögnum var það félag stofnað 17. júní 1995 af áðurnefndum Magnúsi Frey Valssyni einum, og er hann jafnframt einn síns liðs hluthafi þar og stjórnarmaður. Í málinu liggur ekki annað fyrir en

veitingahúsið að Austurstræti 12 a sé starfrækt í nafni Veitingahússins Óðals ehf., en í skjóli leyfa Magnúsar Freys til áfengisveitinga og til að reka skemmtistað.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, er ekki unnt að telja sóknaraðila hafa sýnt nægilega fram á, að varnaraðilarnir Valur Magnússon eða Penson hf. standi að eða taki þátt í starfrækslu veitingahússins að Austurstræti 12 a þannig, að lögbann verði lagt við slíkum athöfnum þeirra.

IV.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að staðfesta ákvarðanir sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila um lögbann á hendur varnaraðilum. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur að niðurstöðu um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Staðfestar eru ákvarðanir sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila, Kaffi Reykjavíkur hf., um að leggja á framangreint lögbann á hendur varnaraðilum, Vali Magnússyni, Penson hf. og Veitingahúsinu Óðali ehf.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 20. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. K-4/1995: Kaffi Reykjavík hf. gegn Val Magnússyni, Penson hf. og Veitingahúsinu Óðali ehf., en málið var tekið til úrskurðar í gærdag.

Málið barst Héraðsdómi Reykjavíkur 17. þ. m., og krefst sóknaraðili úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur á synjun sýslumannsins í Reykjavík við tveimur lögtaksbeiðnum.

Málinu er skotið til dómsins samkvæmt heimild í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990.

Í báðum málunum hjá sýslumanninum í Reykjavík er gerðarbeiðandi (hér á eftir nefndur sóknaraðili) hinn sami, þ. e. Kaffi Reykjavík hf. Í fyrri lögbannsbeiðninni var þess farið á leit við sýslumanninn, að lagt yrði lög-

bann við því, að gerðarþolarnir Valur Magnússon, kt. 260652-3039, og Penson hf., kt. 590894-2069, saman eða hvor í sínu lagi, hæfu rekstur og rækju veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík eða annan veitingarekstur, hvar sem væri í Reykjavík, með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík, allt fram til 17. mars 1998. Þessu erindi hafnaði sýslumaðurinn 13. júlí sl. með svofelldum rökum í gerðabók: „Með vísan til 3. mgr. 29. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 31/1990 ákveður fulltrúi sýslumanns, að gerðin skuli ekki fara fram, þar sem ekki verði séð af gögnum málsins, að gerðarþolar séu að hefja rekstur veitingahúss að Austurstræti 12 a.“

Sama dag, þ. e. 13. júlí sl., var ný lögbannsbeiðni send sýslumanni, og var sóknaraðili Kaffi Reykjavík hf., svo sem rakið var, en gerðarþoli Veitingahúsið Óðal ehf. (hér á eftir nefndur varnaraðili ásamt Val Magnússyni og Penson hf). Kröfur sóknaraðila voru þær, „að lagt verði lögbann við því, að gerðarþolinn Veitingahúsið Óðal ehf. hefji rekstur og reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík, allt fram til 17. mars 1998“. Sýslumaðurinn í Reykjavík endursendi síðari lögbannsbeiðnina samdægurs, og segir m. a. svo í bréfi sýslumanns, sem dags. er sama dag: „Að mati fulltrúa sýslumanns er bersýnilegt, að skilyrði lögbanns eru ekki fyrir hendi. Þar sem Veitingahúsið Óðal ehf. er ekki aðili að þeim samningi, sem umbjóðandi yðar byggir rétt sinn á, þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sannað eða gert sennilegt, að athöfn gerðarþola brjóti gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Þykir því rétt með vísan til 3. mgr. 26. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. sömu laga að endursenda yður beiðnina.“

Svo sem rakið var, bárust bæði málin Héraðsdómi Reykjavíkur 17. þ. m., og var málið þingfest sama dag og málin þá sameinuð.

Kröfur sóknaraðila hér fyrir dómi eru þær, „að héraðsdómur leggi fyrir sýslumann að leggja lögbann við því, að gerðarþolarnir, hvort sem er allir saman, tveir í sameiningu eða hver í sínu lagi, reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík allt fram til 17. mars 1998. Þá er og krafist málskostnaðar alls að skaðlausu úr hendi gerðarþola, annaðhvort in solidum eða úr hendi hvers um sig“.

Kröfur varnaraðilanna Vals Magnússonar og Pensons hf. eru þær, „að dómurinn staðfesti þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að leggja ekki lögbann við því, að varnaraðilarnir Valur Magnússon og Penson hf. saman eða hvor í sínu lagi hefji rekstur og reki veitingahús að Austurstræti 12 a í Reykjavík eða annan veitingahúsarekstur, hvar sem er í Reykjavík, með

svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík hefur og hefur haft að Vesturgötu 2 í Reykjavík, allt fram til 17. mars 1998“.

Kröfur varnaraðilans Veitingahússins Óðals ehf. eru aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, hvað varðar Veitingahúsið Óðal ehf. Til vara er þess krafist, að dómurinn staðfesti þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að endursenda beiðni Kaffi Reykjavíkur hf. um lögbann við veitingarekstri Veitingahússins Óðals ehf. Til þrautavara er þess krafist, að dómurinn fallist ekki á kröfu sóknaraðila um lögbann gagnvart varnaraðilum Val Magnússyni og Penson hf., báðum eða hvorum í sínu lagi.

Málsatvik.

Með kaupsamningi 17. mars 1995 keypti Ingólfscafé hf., kt. 630792-2589, veitingahúsið Kaffi Reykjavík af Penson hf., kt. 590894-2069. Síðar var tilkynnt um breytingu á nafni Ingólfscafé hf. í Kaffi Reykjavík hf., en nafnbreytingin var samþykkt á hluthafafundi 19. mars 1995. Kaupsamninginn undirrituðu f. h. Pensons hf. þeir Valur Magnússon og Magnús Freyr Vals-son. Auk þess undirritaði Valur Magnússon kaupsamninginn sérstaklega og samþykkti skuldbindingu sína skv. 9. gr. samningsins, en vikið verður að henni síðar. Hinn 11. júlí sl. var gerður húsaleigusamningur um Austurstræti 12 a, þar sem Veitingahúsið Óðal ehf. leigir húsnæðið undir skemmtistað. Áður hafði Valur Magnússon gert ódagsettan efnislega eins húsaleigusamning og þann, sem að framan greinir, og þá fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags, sem síðar reyndist vera Veitingahúsið Óðal ehf., en það hlutafélag var stofnað 17. júní sl. Eftir þetta var unnið að breytingum og innréttingum í Austurstræti 12 a, og var veitingastaðurinn opnaður 13. þ. m.

Málsústaður og lagarök.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að Valur Magnússon og Penson hf. hafi brotið ákvæði kaupsamningsins frá 17. mars 1995 með opnun veitingastaðar í Austurstræti 12 a. Í því sambandi skipti ekki máli, hvort þeir hefji veitingarekstur í eigin nafni eða í nafni aðila, sem þeir hafa yfirráð yfir, annaðhvort vegna eignaraðildar eða stjórnunaraðildar. Sóknaraðili telur því, að 9. gr. framangreinds kaupsamnings hafi verið brotin með opnun veitingahúss að Austurstræti 12 a, en sá rekstur sé um flest líkur rekstri Kaffi Reykjavíkur.

9. gr. kaupsamningsins frá 17. mars 1995 hljóðar svo: „Valur Magnússon, kt. 260652-3039, skuldbindur sig til að hefja ekki starfsemi kaffihúss eða rekstur með svipuðu sniði og Kaffi Reykjavík næstu 3 ár frá undirritun kaupsamnings þessa.“

Sóknaraðilar halda því fram, að með kaupunum á Kaffi Reykjavík hafi verið keypt viðskiptavild, og af hálfu þeirra er því haldið fram, að taka eigi

tillit til óskráðrar reglu um bann við samkeppni í viðskiptum, þegar þannig standi á, þ. e., að viðskiptavild hafi fylgt með í kaupunum. Sóknaraðili telur þannig, að viðskiptavildin, sem fylgdi með í kaupunum, hafi gert það að verkum, að ekki hafi verið nauðsynlegt, að Penson hf. skuldbindi sig á sama hátt og Valur Magnússon með beinni undirritun undir 9. gr. kaupsamningsins, heldur felist í skuldbindingu Vals og undirritun undir 9. gr. kaupsamningsins jafnframt skuldbinding fyrir Penson hf., og sú skuldbinding sé óaðskiljanlegur hluti af samningnum, en Valur Magnússon eigi 10% hlut í Penson hf. og sé varastjórnarmaður. Sóknaraðili telur kaupverð í raun hafa miðast mestmegnis við viðskiptavildina, og þessi skilningur á samningnum hafi þannig verið forsenda af hálfu Kaffi Reykjavíkur fyrir kaupunum.

Því er haldið fram af hálfu sóknaraðila, að stofnun Veitingahússins Óðals ehf. hafi verið málamyndagerningur, gagngert til þess ætlaður að koma Val Magnússyni og Penson hf. hjá því að standa við kaupsamninginn, sem vikið var að hér að framan. Sóknaraðili heldur því fram, að Valur Magnússon fjármagni allar framkvæmdir í Austurstræti 12 a og stjórn þar öllu, og sé það brot á 9. gr. kaupsamningsins. Stofnun veitingastaðarins og formleg rekstraraðild að veitingastaðnum sé markleysa og geti ekki komið í veg fyrir lögbann, þótt sá aðili, sem standi að rekstrinum að formi til, sé ekki aðili að framangreindum kaupsamningi. Samkvæmt gögnum málsins er hér átt við Veitingahúsið Óðal ehf. Sóknaraðili telur, að Penson hf. fari í reynd með stjórnun beggja félaganna, þar sem sami einstaklingur, Magnús Freyr Valsson, skipi stjórn beggja fyrirtækjanna og eigi þau að mestu leyti, og auk þess hafi Penson hf. lánað Veitingahúsinu Óðali ehf. mikið áhættufé, sem þannig tryggi félaginu mikil stjórnunarítök. Því sé það í raun Penson hf. og um leið Valur Magnússon sem einn eigenda þess, sem fjármagni rekstur Veitingahússins Óðals ehf. Sóknaraðilar halda því fram, að allt frá því, að Valur Magnússon gerði upphaflegan leigusamning f. h. óstofnaðs hlutafélags um Austurstræti 12 a, sýni tilraunir Vals og Pensons hf. í þá átt að virða ekki samningsskuldbindingar sínar, sem áður greinir.

Af hálfu varnaraðilans Pensons hf. er því haldið fram, að Penson hf. hafi ekki tekist á hendur neinar skuldbindingar skv. kaupsamningnum um Kaffi Reykjavík. Þá er því lýst, að Penson hf. hafi engin afskipti af rekstri Veitingahússins Óðals ehf. og eigi ekkert í því félagi. Félögin séu sjálfstæð og óháð innbyrðis fyrir utan lán, sem Penson hf. hefur veitt Veitingahúsinu Óðali ehf. Því var mótmælt af hálfu varnaraðila, að um málamyndagerning hefði verið að ræða.

Varnaraðilinn, Valur Magnússon, miðar við framangreind sjónarmið, eftir því sem við á, auk þess sem hann tekur fram, að hann sé ekki að hefja

veitingarekstur í Austurstræti 12 a. Einu tengsl sín við veitingastaðinn séu í formi ráðgjafar og aðstoðar við son sinn, Magnús Frey, við að koma rekstrinum af stað.

Því er haldið fram, að ákvæði 9. gr. kaupsamningsins eigi ekki við í þessu sambandi. Þá tekur varnaraðili fram, að ákvæði 9. gr. kaupsamningsins eigi ekki við um stað sem þann, sem nú er rekinn í Austurstræti 12 a, og af hálfu sóknaraðila hafi ekki verið sýnt fram á það, að rekstur Kaffi Reykjavíkur og veitingastaðarins í Austurstræti 12 a sé sambærilegur, þannig, að 9. gr. kaupsamningsins eigi við.

Varnaraðilinn Veitingahúsið Óðal ehf. reisir frávísunarkröfu sína á því, að sýslumaðurinn í Reykjavík hafi ekki tekið efnislega afstöðu til lögbannsbeiðninnar, sem beindist að Veitingahúsinu Óðali ehf., og því sé einungis heimilt að bera endursendingu erindisins undir héraðsdóm, sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990, en þar sé fjallað um úrlausn formlegs ágreinings, er sýslumaður hefur ekki tekið efnislega afstöðu til lögbannsbeiðni

Vegna varakröfu og þrautavarakröfu sinnar er tekið fram af hálfu Veitingahússins Óðals ehf., að kaupsamningurinn um Kaffi Reykjavík geti ekki átt við um starfsemi Óðals ehf., sem ekki tengist samningnum á nokkurn hátt. Því var mótmælt af hálfu Óðals ehf., að félagið hefði staðið að mála-myndagerningum í því skyni að koma Val Magnússyni og Penson hf. hjá því að efna samninga.

Niðurstöður.

Aðalkrafa Veitingahússins Óðals ehf. um frávísun.

Hér að framan var rakið efni bréfs sýslumannsins í Reykjavík, er hann endursendi lögbannsbeiðni á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf. Í bréfi sýslumanns er m. a. vísað til 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir m. a., að sýslumaður geti ekki synjað um kyrrsetningu af sjálfsdáðum, nema hann telji bersýnilegt, að skilyrðum 5. gr. laganna sé ekki fullnægt. Þetta á einnig við um lögbann, sbr. 3. mgr. 26. gr. laganna. Dómurinn telur, að ráða megi af 2. mgr. 5. gr. laganna, sem einnig á við um lögbann, og með vísan til bréfs sýslumanns, er hann endursendi erindið og tók m. a. fram í bréfinu, að bersýnilegt væri, að skilyrði lögbanns væru ekki fyrir hendi, að með þessu hafi sýslumaður í raun tekið efnislega afstöðu og synjað lögbannsbeiðninnar. Samkvæmt þessu er sóknaraðila rétt að skjóta þessu erindi til héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990, eins og öllum ágreiningi, sem uppi er í þessu máli. Samkvæmt þessu er hafnað kröfu Veitingahússins Óðals ehf. um frávísun.

Varnaraðilar máls þessa eru þrír. Tveir þeirra, Penson hf. og Valur Magnús-

son, eru aðilar að kaupsamningi um Kaffi Reykjavík, sem lýst hefur verið, og þá hefur Valur Magnússon gengist undir ákvæði 9. gr. kaupsamningsins, svo sem rakið var. Hvorugur þessara aðila stendur að rekstri Veitingahússins Óðals ehf., en það fyrirtæki er í eigu Magnúsar Freys Valssonar. Tengsl feðganna Vals og Magnúsar geta ekki leitt til þess, að veitingarekstur, sem Magnús stendur að, verði talinn brjóta í bága við 9. gr. títt nefnds kaupsamnings um Kaffi Reykjavík, jafnvel þótt í ljós komi, að Valur hafi lánað syni sínum fjármuni til rekstrar og/eða aðstoðað hann í formi ráðgjafar.

Hið sama þykir eiga við um fyrirtæki í eigu Magnúsar, hér Veitingahúsið Óðal ehf. Dómurinn telur ekki færa þá leið að túlka 9. gr. kaupsamningsins svo rúmt, að hún taki til starfsemi Pensons hf. og Veitingahússins Óðals ehf. á þann hátt, sem sóknaraðili heldur fram.

Dómurinn telur ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu sóknaraðila gegn andmælum varnaraðila, að óskráðar réttarreglur á þessu sviði geti rennt stoðum undir slíka túlkun á 9. gr. kaupsamningsins. Blaðagreinarnar, sem lagðar hafa verið fram og eru af hálfu sóknaraðila taldar sýna og renna stoðum undir fullyrðingar sóknaraðila um, að Valur Magnússon reki veitingastaðinn við Austurstræti 12 a, verða ekki lagðar til grundvallar í þessu sambandi. Efni blaðagreinanna er óstaðfest og hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðila sem meira og minna röngum. Loks þykja hvorki þær laga-reglur, sem vísað var til við flutning málsins af hálfu sóknaraðila né aðrar réttarheimildir til þess fallnar að renna stoðum undir svo rúma túlkun á framangreindri 9. gr. kaupsamningsins sem sóknaraðili heldur fram.

Dómurinn telur samkvæmt þessu, að sóknaraðili hafi ekki sannað eða gert sennilegt, að athafnir varnaraðila, eins í senn og/eða fleiri saman, séu eða hafi verið með þeim hætti, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1991 og því er ekki unnt að taka kröfu sóknaraðila til greina.

Engin gögn eru tiltæk, sem gera dóminum kleift að taka afstöðu til þess, hvort rekstur þeirra tveggja skemmtistaða, sem mál þetta snýst um, sé með svipuðu sniði, þannig, að 9. gr. kaupsamningsins eigi við. En með hliðsjón af ofanrituðu þykir það ekki koma að sök, og verður engin afstaða tekin til þess álitaefnis.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta synjun sýslumannsins í Reykjavík við því, að lögbannsgerð fari fram í málinu nr. L-37/1995, þar sem gerðarþolar voru Valur Magnússon og Pensón hf. Einnig er staðfest ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að endursenda lögbannsbeiðni á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf.

Með hliðsjón af þessum úrslitum málsins greiði sóknaraðili varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. flutti málið af hálfu sóknaraðila og Gísli Gíslason hdl. af hálfu varnaraðila.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er synjun sýslumannsins í Reykjavík við því, að lögbannsgerð fari fram í málinu nr. L-37/1995, þar sem gerðarþolar voru Valur Magnússon, kt. 260652-3039, Stórholti 47, Reykjavík, og Penson hf., kt. 590894-2069, Vesturgötu 2, Reykjavík

Einnig er staðfest ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. júlí 1995 um að endursenda lögbannsbeiðni á hendur Veitingahúsinu Óðali ehf., kt. 510795-2029, Austurstræti 12 a, Reykjavík.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað.
